


Nr.: STS-025	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 14.11.2018	<h2>Öryggis-, heilbrigðis og vinnuumhverfisstefna</h2>	
Eigandi: Gæðastjóri		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Stefna Tækniskólans í öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismálum

Stefna Tækniskólans er að tryggja öllum nemendum og starfsmönnum skólans öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Markmið Tækniskólans er að vera slysalaus vinnustaður, að enginn nemandi eða starfsmaður bíði heilsutjón í námi eða starfi sínu hjá skólanum og að stuðla að aukinni öryggisvitund sem nemendur taki með sér út í atvinnulífið að loknu námi. Til þess að ná þessu markmiði ætlast stjórnendur skólans til þess að allir starfsmenn vinni í samræmi við þessa stefnu. Í starfsemi skólans er gert ráð fyrir að fylgt sé öllum kröfum samkvæmt lögum og reglum og að sífellt sé unnið að umbótum sem stuðla að auknu öryggi nemenda, starfsmanna og samstarfsaðila skólans.

Til stuðnings stefnunni eru settar fram megin áherslur í persónuöryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismálum.

- Að nemendur og starfsfólk Tækniskólans ljúki sérhverjum vinnudegi á öruggan hátt.
- Að stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi þar sem virðing er borin fyrir einstaklingum og starfi þeirra.
- Að stuðla að aukinni öryggis- og heilbrigðisvitund á meðal nemenda og starfsfólks.
- Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, ábyrgð, hreinlæti og öryggi. [Sjá nánar í heilsustefnu skólans.](#)
- Að Tækniskólinn vinni markvisst að forvörnum þar sem hugað er að félagslegri vellíðan nemenda og starfsmanna. [Sjá nánar í forvarnarstefnu skólans.](#)
- Að Tækniskólinn sé traustur og áreiðanlegur skóli sem stuðli að jákvæðum framförum í samfélaginu í öryggis- og heilbrigðismálum.
- Að Tækniskólinn leiti sífellt að snjöllum, einföldum og hagkvæmum leiðum sem stuðla að auknum árangri á sviði öryggis- og heilbrigðismála.

Stefnunni er fylgt með eftirfarandi leiðum:

- Kynna stefnuna og áherslur hennar fyrir öllu starfsfólki þar sem markviss fræðsla og þjálfun starfsfólks eru frumforsenda öruggs vinnuumhverfis.
- Öryggisfræðsla er fléttuð inn í nám nemenda.
- Með skilvirkum samskiptum, gerð áhættugreininga og fylgni við lög og reglur er hægt að lágmarka áhættu, tjón og mannlegan sársauka.
- Með makvissum atvikaskráningum og ábendingum um slys, næstum slys, hættulegt verklag og vinnuumhverfi sem miða að því að læra af og fyrirbyggja endurtekningu.
- Reynsla, þekking og fagmennska skal liggja til grundvallar viðbragðsáætlunum og réttum viðbrögðum ef óhapp ber að höndum.
- Við skólann starfa sálfræðingur og forvarnarfulltrúi.